Bjarni Benediktsson mótaði stefnu Morgunblaðsins þegar hann varð ritstjóri og setti ótvírað mark sitt á blaðið þau þrjú ár sem hann stjórnæddi. Hann skipaði Sigurð A. Magnússon ritdómara blaðsins og sagði að hann væri best til þess fallinn. Þá hafði Sigurður aðra afstöðu til vestraens samstarfs en síðar varð en það réð þó ekki úrslitum heldur áhugi Sigurðar á bökmennum og að ég held fersk afstaða hans til nýjunga á því svíði. Allt slíkt kunni Bjarni vel að meta enda var hann öðrum mönnum fljótari að átta sig á tíðarand-anum.

Pannig hafði Bjarni afskipti af öllum þáttum blaðsins, létt andstæðingar sín, það sannarvaldi

NEDIKTSSONAR

lendinga að heimila veru bandarískars varnarlíða á íslenzkri grund skipti auðvitað miklu málí í kálda stríðinu.

EKKI fer á milli málá, að afstaða Íslands skipti málí í aðdraganda sjálfstæðis Eystralsríkjanna.

Petta er eitt en annað þegar ráðamenn íslenzkra utanríkismála halda að þeir geti skipti málí við lausn deilunnar fyrir botni Miðjarðarhafs.

Hugmyndir Bjarna Benediktssonar um utanríkismál hafa mótað afstöðu hvorrar kynslóðar Íslendinga á fætur annarri og þá ekki sízt innan Sjálfstæðisflokkins, sem hefur haldið trúnað við þær fram á þennan dag. En það er ekki bara á svíði utanríkismála, sem hugmyndir og lífsviðhorf Bjarna hafa haft móttandi áhrif á skoðanir manna fram á 21. öldina.

Síðasta verk Ólafs Thors sem forsætisráðherra í nóvember 1963 var að höggva á hnútinum í harkalegri deili, sem upp var komin á milli Viðreisnarstjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar. Til þessa dags hefur enginn getað sagt mér, hvor hafði frumkvæðið, Olafur eða Einar Olgeirsson eða jafnvel Eðvarð Sigurðsson. Hitt er vist, að persónuleg tengsl á milli þeirra afstýrðu atökum.

I þá daga tókust menn hart á í stjórnálum en gátu verið persónulegir vinir utan vígvallarins. Það átti við um Ólaf og Einar og því er m.a. lýst í eftirtektarverðar bók Sólveigar Kristínar Einarsdóttur Olgeirssonar, sem út kom fyrir nokkrum árum. Þar lýsir hún því, sem gerðist eftir að faðir hennar hafði verið tekinn höndum og fluttur sem fangi Bretta í fangelsi til Bretlands.

I bókinni segir:

„Á þessum tíma var kaup þingmanna lágt, 15 krónur á dag, og var adeins greitt yfir þingtímann. Fylgdu engin sérréttindi eins og frír sími eða annað þess háttar. Hugsaði móðir min með sér, að hún yrði að fara og gerast ráðskona einhvers staðar uppi í sveit og taka barnið með sér. En þá hrингdi Ólafur Thors. Sagði að mamma skyldi ekki hafa áhyggjur að peningum. Hann skyldi sjá til þess, að hún fengi greitt þingsfararkaup Einars meðan hann væri í burtu. Hún spurði þá Ólaf strax: „Og hvað þá með Rússagullið, Ólafur?“

En Ólafur bara hló og svaraði um hæl: „Ja, það er nú bara í Morgunblaðinu, Sigurður min!“

Pessi persónulegu tengsl á milli hatrammra andstæðinga á hinu pólitíkska svíði voru ekki bara á milli Ólafs og Einars. Það sem fáir hafa áttat sig á er að þau voru líka á milli fjólskyldu Bjarna Benediktssonar og fjólskyldu

Einars Olgeirssonar.

I bók Sólveigar segir:

„Við þetta má bæta að meðan foreldrar míni bjuggu á Skólovörðustígnum var Bjarni Benediktsson nágrannir þeirra og Kristjana, eiginkona Lárusar Blöndals, vinkona mömmu, var systir Bjarna.“

Hér er viða til Kristjönu, móður Halldórs Blöndals, fyrum forseta Alþingis, og þeirra systkina, sem var eftirminnileg kona öllum þeim, sem henni kynntust.

Sú afstaða forystumannna Sjálfstæðisflokkins til verkalýðshreyfingarinnar, sem fram kom í vopnahléinu mikla í nóvember 1963, átti eftir að móta allan forsetasráðherraferil Bjarna Benediktssonar til dauðadags. Hann lék lykilhlutverk í gerð svonefnuds júní-samkomulags snemma sumars 1964 en þá var tekin upp verðtrygging launa og Bjarni mikil gagnrýndur innan Sjálfstæðisflokkins og meðal atvinnureknda fyrir þá gerð.

Júnísamkomulagið var Bjarna svo hjartfölgid að fyrsta verkið, sem mér var falið, þegar ég hóf störf á ritstjórn Morgunblaðsins himm 2. júní árið 1965, fyrir 43 árum, var að eiga við hann viðtal um það samkomulag en hann taldi mikilvægt að halda því til haga árið sínar vegna þess að þá stóðu enn yfir erfðir kjarasamningar.

Ég hef áður sagt frá því opinberlega, að ég hafði aðstöðu til að fylgjast með því hvernig sú kjaradeila var til lykta leidd. Tengdafaðir minn, Finnbogi Rútur Valdemarsson, sem verið hafði alþingismaður á vegum Sósíalistaflókks og síðar Alþýðubandalags frá að kosningum 1963, hafði enn afskipti af málum, þegar hér var komið sögu og bað mig fara til Bjarna með hugmynd til lausnara deiunni. Hugmyndin var su, að byggðar yrðu 1250 fbúðir fyrir láglaunahólk i Breiðholti. Bjarni tók hugmyndinni strax vel og hún var síðan samþykkt þrátt fyrir harða andstöðu ýmissa embættismanna, sem voru Bjarna nákomnir.

Allt varð þetta til þess, að traust skapaðist á milli Bjarna og verkalýðsforingja þeirra tíma, Hannibals Valdemarssonar, Eðvarðs Sigurðssonar, Björns Jónssonar og Guðmundar J. Guðmundssonar.

Petta traust kom þjóðinni að góðum notum, began einfjasta efnahagskreppa 20. aldarárinna skall yfir á árinu 1967 og stóð fram undir árslok 1969.

Fram á fyrstu ár Viðreisnarstjórnarinnar var það ríkjandi skoðun, alla vegar meðal ungra manna í Sjálfstæðisflokknum, að atvinnurekendur hefðu alltaf rétt fyrir sér og verkalýðshreyfingin alltaf rangt fyrir sér. Sú skoðun hefur vafalaust mótað vegna harðra

átaka á vinnumarkaðnum á árunum milli 1950 og 1960 sem kallastríðspólítiskin blandaðist mikil inn í.

Ég leyfi mér hins vegar að fullyrða að það viðhorf til vinstri manna og verkalýðshreyfingar, sem fram kom í samskiptum Ólafs Thors og Bjarna Benediktssonar á þessum árum, hafi mótað mjög kynslóðir þeirra trúnaðarmanna Sjálfstæðisflokkins, sem á eftir komu, Hafði mikil áhrif á tengsl að milli manna í tólf vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar og jafnvel á milli forystumannna Sjálfstæðisflokkins og verkalýðshreyfingarinnar þegar allt fór í bal og brand veturnar 1978.

Ég held að til þessa dags sé Sjálfstæðisflokkurinn mótaður af Viðreisnarárunum að þessu leyti og að þar sé alltaf til staðar sterkur þráður jákvæðs viðhorfs til verkalýðshreyfingarinnar og þeirra sem minna mega sín í okkar samfélagi.

Við, sem upplifðum fund, sem Bjarni Benediktsson átti með kaupmönnum í Reykjavík á erfðoleikaárunum 1967-1969, þar sem hann gerði kröfu til þess að þeir legðu sitt af mörkum, ekki síður en launþegar, gleymum því ekki, hvernig kapitalistar þeirra tíma voru teknir til bæna af formanni Sjálfstæðisflokkins.

Sjálfur get ég borið vitni um að þau lífviðhorf, sem með þessum hætti settu mark sitt á Viðreisnarárin, hafa mótað afstöðu Morgunblaðsins til átaka á vinnumarkaðnum í fjóra áratugi og hefur gildi einu hverjir ritstýrðu blaðini, Sigurður Bjarnason frá Vigur, Eyjólfur Konráð Jónsson, Matthias Johannessen eða „sá sem betta ritar“. (Orðalag, sem auðkenndi Reykjavíkurbréf, sem Bjarni Benediktsson ritaði í Morgunblaðið í áratug eftir að han létt af ritstjóristörfum.)

Pessi breytta afstaða frá því sem að ólur var hefur aldrrei verið viðurkennd af andstæðingum þeirra borgaraleguviðhorfa, sem bæði Sjálfstæðisflokkur og Morgunblaðið hafa barizt fyrir, hvor aðillinn með sínum hætti en er engu að síður staðreynnd.

Óg átti jafnframt þátt í að forrásdannen Morgunblaðsins áttu í nokkru basli með að fóta sig á viðhorfum hinnar svonefndu frjáls-hyggi á sínum tíma.

Mín skoðun er su, að það uppeldi, sem yngri kynslóðir fengu með því að fylgjast með störfum Bjarna Benediktssonar á þessum tíma hafi mótað þær og störf þeirra alla tíð síðan.

Á síðasta kjörtímbili Viðreisnarstjórnarinnar hafði Bjarni miklar efasemdir um, að Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur gætu haldið meirihluta sínum á Alþingi eftir þing-

kosningar 1971. Honum leist illa á hugsanlegt samstarf við Frámsóknarflokkinn og fór að ræða það við ýmsa viðmælendum sína, að það gæti komið til greina að taka upp samstarf við Alþýðubandalagið, mynda eins konar nýsköpunarstjórn eftir þingkosningar 1971.

Í andrúmi kalda stríðsins var þessum hugmyndum Bjarna afar illa tekið af sumum nánum stuðningsmönnum hans. Eyjólfur Konráð Jónsson var t.d. mjög andsnúinn þessum áformum. Í samtali, sem ég átti við Bjarna á þessum tíma, sagði hann: en þú hlýtur að viðurkenna, að það er hægt að vinna með Lúðvík (Jósefssyni).

Við Eykon urðum að viðurkenna það.

Smátt og smátt gerðum við, sem töldum okkur hörðustu andstæðinga kommunista í Sjálfstæðisflokknum, okkur grein fyrir því, að Bjarni hafði haft mikil til síns mál sán þess að farið verði út í röksemðaferlu fyrir því hér.

Rúmum áratug síðar í desember 1979 uppgötuðum við Björn Bjarnason, nú dómálaráðherra, sonur Bjarna, að við hefðum báðir verið að gera drög að greinum, þar sem hvatt var til samstarfs Sjálfstæðisflokk, Alþýðuflokk og Alþýðubandalags án þess að nokkur samtöl hefðu farið á milli okkar þar um.

Pessar greinar birtust síðan hér í Morgunblaðinu og vöktu nokkra eftirtekt. Í kjölfarið hófust miklar þreifingar á milli Sjálfstæðisflokk og Alþýðubandalags, sem leiddu ekki til neins. Kannski voru komnar í gang þreifingar um myndun ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens eða kannski var réttí timinn einfallega ekki kominn.

En í þessum hugleiðingum Bjarna Benediktssonar undir lok Viðreisnartímabilsins er að finna rætur þess, að Morgunblaðið hefur hin seimið ár hvatt til samstarfs Sjálfstæðisflokk og Vinstrí grænna en því miður með takmörkuðum árangri. Hikið, sem finna mátti á Svavari Gestssyni í desember 1979, er enn að finna hjá Svavarsi Svavarðsdóttur og öðrum forystumónum Vinstrí grænna þremur áratugum seimna.

Hver kynslóð finnur sér sinn leiðtoga. Gamall bónið í minni sveit, Guðmundur Bjarnason á Hæli í Flókalad í Borgarfirði, leit að Jón Þorláksson sem him mikla foringja. Hann hafði setið landsfund í formannstíð Jóns.

Bjarni Benediktsson varð hinn mikli leiðtogi margra kynslóða. Hugmyndir hans og lífsviðhorf hafa mótað afstöðu fólkis, sem enn tekur virkan þátt í þjóðmálaumræðum og hafa með heim hætti náð fram á 21. öldina.

Styrmir Gunnarsson

þingfréttum og lagði áherslu á að fréttum og stjórnálaafstöðu blaðsins væri ekki blandað saman en hélt þó fast við þá stefnu að stýðja Sjálfstæðisflokkinn og foryst hans. Nú stýður Morgunblaðið fremur sjálfstæðisflokkuna en pólitískar ákváðanir sem teknað eru í nafni hennar og Sjálfstæðisflokkins enda eiga þær ekki alltaf stóð í stefnunni. Að þessu leyti hefur bláðið breyst mikil frá þeim tíma þegar Valtýr og Bjarni voru þar aðalritstjórar og hefur Geir Hallgrímsson formaður Sjálfstæðisflokkins og stjórnar Árvakurs átt þátt í því að ritstjórum blaðsins hefur tekist að auka frjálsræði pess, vegna þess frjálslyndis sem hann og ritstjórnarinnar hlutu í arf frá eigendum þess og stjórnendum og þá ekki síst Valtýr Stefánssyni og Bjarni Benediktssyni. Það hefur haft mikil áhrif á þessa þróun blaðsins að stjórn Árvakurs hefur verið ritstjórum sá bakhjari sem nauðsyn krefur.

Þegar ég varð ritstjóri Morgunblaðsins 1959 umhverfum ekki að því að alefli Valtýr Stefánsson og Bjarni Benediktsson. Þeir höfðu verið aðalritstjórar blaðsins og átti það að tryggja að ekki færri milli málá hverjir ritstjóru því. En þegar ég tók við ritstjórn á miðju sumri 1959 sagði Bjarni við mig: „Ég vil að við séum jafnréttáháð, Matthías minn, við látum fella niður aðalritstjóratitilinn.“ Þannig urðum við allir jafnréttáháð ritstjórar blaðsins 1959, Valtýr Stefánsson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Bjarnason frá Vigur og ég.

Samstarf okkar Bjarna byggðist á djúpum vinatu sem óx jafnt og þétt í eldlinunni á Morgunblaðinu. Þeir hafði ekki verið á landinu þegar Bjarni varð ritstjóri blaðsins 1956, vegna framhaldsnáms í Kaupmannahöfn. Þá þekktum við Bjarni ekki náð og ég kveið fyrir því að hann, þessi valdamikli stjórnálaþámuður, hefði ekki þann skilning á blaðamennsku sem til þyrti. En ég sá þó fljótt að ég hafði rangt fyrir

hafa gesti á efri hæð hússins vegna brunahættu svo þau létu byggja lítið gestahús á lóðinni og sváfum við þar þegar við komum í heimsókn.

Á Pingvöllum var griðastaður. Þar skrifði ég síðasta kallafla í Hugleiðingar og viðtöl, um Stein Steinar (1963), og þar orti ég lungann úr Vor úr vetrí sumaríð áður.

Eitt sinn þegar við áttum að gista í gamla húsinu fór Sigriður með okkur upp á loft og sagðist ætla að sýna okkur nýjung sem þau væru ánað með: kaðal við hvern glugga sem hægt var að renna út og komast á til jarðar ef kvíknaði í húsinu. Nú erum við alveg róleg, sagði hún, því að þeir sem sofa niðri á jarðhæðinni komast alltaf út.

Fyrir öllu var hugsað þegar vinir þeirra áttu í hlut.

Eitt af því sem ég man best eftir úr samtolum okkar Bjarna Benediktssonar eru þau orð hans að ég skyldi fara á fund Halldórs Laxness upp í Gljúfrastein þegar sýnt var á árinu 1967 að Ásgeir Ásgeirsson léti af forsetaembætti næsta sumar og bjóða honum stuðning. Það gerði ég og er mér undrun nöblesskáldins ógleymanleg. Þegar ég áður en þetta var lagði upp í fyrsta samtalid við Halldór Laxness hefði verið kosinn forseti Íslands ef hann hefði tekið áskorun og boði forystumanns stærsta stjórnálaflokkins, svo margir vinstrí menn sem einnig hefðu fylkt sér um hann. En Halldór hafnaði boðinu ljúfmannlega og áttum við alllangt samtal um það hve erfitt gæti reynst ef forsetinn skrifði umdeilda bækur. Þegar Halldór sendi síðar frá sér bok með skómmum um Guðmund. Í Guðmundsson utanríkisráðherra, Íslendingaspjall 1967, sagði Bjarni við mig brosand: Hefurðu lesið bókina hans

Halldórs? Það hefði ekki verið gott ef hann hefði tekið boði okkar og forsetinn hefði skrifð bessa bók um utanríkisráðherrann!

Við Hanna fórum til Bjarna og Sigriðar á jóladag 1967. Það gerðum við árum saman. Pennan dag var hátið í Háuhlíð því að Björn og Rut voru nýtrúlofuð. Mikil var talað og lengi yfir glas af dubonnet. Bjarni sagði okkur m. a. frá því þegar Ólafur Thors kom til hans upp á Morgunblað kringum áramótin 1958/1959 – það var í eina skipti sem ég minnist þess að Ólafur kæmi upp á Morgunblað – og hafði örð að við hann, að hann tæki við formennsku Sjálfstæðisflokkins á næsta landsfundi í mars 1959 en Ólafur yrði sjálfur forsetisráðherra sem blasti við. En Bjarni varð ekki formaður Sjálfstæðisflokkins fyrir en 1961 því að Ólafur kaus við nánari ihugun að halda áfram enn um sinn. Það var honum viðkvæmt mál að láta af formennsku flokkins.

Bjarni hafði litinn áhuga á því að verða dómsmálaráðherra þegar hann hætti ritstjórestörfum á Morgunblaðinu haustið 1959 enda hafði honum hvergi liðið eins vel og þar að eigin sögn og vildi helst halda þar áfram.

Eftir kosningarnar 1963 var Ólafur Thors enn forsetisráðherra en skómmu fyrir þing kom hann til Bjarna og v



Pjóðskjalasafn/Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar í garðinum með dætrasonunum Benedikt Vilmundarsyni og Bjarna Markússyni.



Pjóðskjalasafn/Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar Fjölskyldan á skírnardegi Önnu. Frá vinstri: Guðrún, Sigríður með Önnu, Bjarni, Valgerður og Björn.



Pjóðskjalasafn/Einkaskjalasafn Ólafar Benediktsdóttur Bjarni var í framhaldsnámi í Berlín á árunum 1930 til 32. Hér er hann ásamt Sveini bróður sínum og Pórarni Benediktz við þinghúsið í borginni.



Braðurnir Bendikt og Halldór Blöndal í garðinum í Háteigi ásamt Bjarna og hundinum Týra, sumarið 1941 eða 42.



Björn, elsta barn Bjarna, mátar hatt föður síns.



Guðrún Pétursdóttir og Benedikt Sveinsson alþingismaður ásamt börnum sínum sjö. Bjarni er í aftari röð fyrir miðju.

KAUS BJARNA

Eg hef fyrir framan mig gamla mynd. Hún var tekin í garðinum í Háteigi sumarið 1941 eða 42 af okkur Benedikt bróður mínum, Bjarna Benediktssyni og gamla Týra. Pað er glaðasóskin, Bjarni og Benedikt reyna að brosa framan í myndavélina og píra aftur augun, en ég halla mér að Bjarna og hann strýkur mér um hnakkann. Gamli Týri lætur sér fátt um finnast. Myndin er skemmtileg og mér mikils virði, af því að hún vekur gamlar tilfinningar og minnar mig á, hversu góður Bjarni var okkur braðurunum á sokkabandsárum okkar. Ég var í Grænuborg og fór oft heim til þeirra Sigríðar á Eiríksgötu 19 fimm, sex, sjö ára gamall. Sigríður tók mér eins og höfðingja og gaf mér Coka Cola. Hún var einstök kona, björt og hlý. Ég hef verið að reyna að rifja upp elstu minningar minar af Bjarna án pess að hafa mynd að styðjast við, en kem þeim ekki alveg fyrir mig. Mér finnst ég fremur muna

eftir andrúmsloftinu eða áhrifunum. Pað var mjög kaert á milli hans og móður minnar og hátið í bæ þegar hann heimsótti ómmusystur minar á Laugavegi 66 og auðvitað var móðir min þá aldrei langt undan. Pað fór vel um alla og Bjarni lék á alls oddi.

Faðir minn og Bjarni voru á öndverðum meidi í pólitík. Harðast var sott að Bjarna í borgarstjórnarkosningunum 1946 og Sameiningarflokkr alþýðu, söfíalistaflokurinn, á fljúgandi ferð. Bjarni hélt velli. Og þeir mágarnir, faðir minn og hann, hittust utan við Miðbæjarsskólanum eftir að hafa kosið og gengu í kringum Tjörnina. Löngu síðar á tíðaeisaldri sagði faðir minn mér, að í þetta eina sinn hefði hann kosið Bjarna.

Ég varð þingfréttamaður Morgunblaðsins 1961 og sat því þingflokkfundi Sjálftæðisflokkssins. Ögleymantlegt var að fylgjast með samspli hans og Ólafs Thors. Bjarni stýrði fundunum af röggsemi og gerði stutta

grein fyrir helstu viðburðum í pólitíkinni í upphafi fundar. Pað var fróðlegt, skemmtilegt og lærðómsrikt að fylgjast með því, hvernig hann lagði mál fyrir eða svaraði andstæðingum sínum í kappræðunni og auðheyrt á flutningnum, hvort hann lagði upp úr ræðunni eða ekki. Stundum greip hann óvænt inn í umræður. Hann sat kannski í sæti sínu án þess að lita upp og virtist niðursokkinn í lestur, en kvæddi sér síðan skyndilega hljóð og svaraði andstæðingi sínum lið fyrir lið – eða tók undir mál hans, sem gat komið mönnum í opna skjoldu. Gísli Jónsson menntskólkennari var þingritari á háskólaárum sínum. Hann sagði mér, að þeim þingriturum hefði þótt Bjarni erfðastur allra þingmanna, efnisrikur, ekki inn-skotsord eða málalengingar og flutningurinn viðstöðulaus.

Eitt atvik er mér alltaf minnisstætt um okkur Bjarna. Hann hafði haldið mikla ræðu

í binginu og ég gerði útdrátt úr henni til birtingar í Morgunblaðinu upp á eina síðu eða eitthvað svoleiðis með millifyrirsögnum og fór með hana upp í Háuhlið til yfirlestrar. Bjarni las hana yfir, sagði að útdrátturinn væri vel og vandlega unnnin, en bætti síðan við brosandí að gallinn væri sá, að enginn nentti að lesa hann – af því að frásögnin væri öll í óbeinni ræðu. Hann sagði mér að lesa Snorra Sturluson og læra af honum í Heimskringlu, hvernig skipta ætti úr óbeinni ræðu í beina til að gera atburðarásina hraðari og merkinguna skyrari. Og ég reyndi að tileinka mér tækní Snorra.

Pað er margs að minnast. Bjarni var á há-tindi síns ferils, þegar hann felið frá. Og ein-hvern veginn er það bannig, að þegar hann kemur mér í hug, er Sigríður þar líka. Pau Bjarni höfðu þroska hvort af öðru.

Halldór Blöndal

FRAMSÝNI Í VARNARMÁLUM

Miklar breytingar hafa orðið á varnar- og öruggismálum okkar Íslendinga á skómmum tíma. Hæst ber brott-hvarf varnarlíðs Bandaríkjanna og þær breytingar á varnarsamningnum sem gerðar voru í tengslum við það. Í ljósi breyttra aðstæðna hafa íslensk stjórnvöld gripið til ráðstafana til að tryggja öruggi landsins. Í því felst gerð samstarfssamningi í varnar- og öruggis-málum við Danmörku og Noreg, samkomulag við önnur NATO ríki um loftrýmipseftirlit, loft-rýmisgæslu og varnaræfingar á Íslandi, efling Landhelgisgæslunnar, yfirtaka Íslendinga á rekstri ratsjárstöðvanna og ýmissa varnartengdra mannvirkja auk nýrra varnarmála; allt er þetta til vitnis um þær fjölbreyttu ráðstafanir sem gripið hefur verið til síðastlöðin tvö ár í tilefni að breytingum á varnarsamningnum. Að auki má nefna, að á vegum utanríkisráðuneytisins er unnið að gerð haettumats fyrir Ísland, m.a. í ljósi beirra breytinga sem orðið hafa í alþjóðlegum öruggisumhverfi.

Lengi hefur legið fyrir sá ásetningur Bandaríkjumannna að draga úr viðveru sinni hér á landi. Engu að síður var það óvænt, sér-staklega í ljósi áratuga samstarfs ríkjanna á grundvelli varnarsamningsins, að Bandaríkjum skyltu einhliða tilkynna um heimkvaðingu síðustu sveita sinna og herþotna í miðju samningaferli ríkjanna um breytingar á

samningnum. Pótt varnarsamningurinn sé enn í gildi, verður ekki fram hjá því litði að straumhvörur urðu í samstarfinu þegar ljóst varð að Bandaríkjum hagðust ekki lengur hafa hér fasta viðveru. Frá þeim tíma var ljóst að við Íslendingar myndum í ríkari mæli þurfa að axla eigin ábyrgð á vörnum landsins en hingað til.

Sú stefna sem mótuð var í varnarmálum Íslendinga um miðja síðstu öld hefur haft áhrif á ákvárdanir stjórnvalda við þessar breyttu aðstæður. Sérstaka þýðingu hefur aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu haft en aðildin, ásamt varnarsamningnum, hefur verið hornsteinn íslenskrar varnar- og öruggisstefnu í rúma hálfa öld. Á 100 ára fæðingarafræði Bjarna Benediktssonar eru fullt tilefni til að rifja upp að málafylgja hans réð einna mestu um að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu var samþykkt hinn 30. mars 1949 af Alþingi. Tveimur árum síðar, þann 8. maí 1951, skrifði Bjarni síðan undir varnarsamninginn við Bandaríkin fyrir hönd íslenskra stjórnvalda.

Á þessum árum mótaði Bjarna Benediktsson öðrum fremur varnar- og utanríkisstefnu Íslands. Engum ætti að dyljast að á stjórn-málaferli sínum lagði Bjarni alla tíð mest kapp á að Ísland öðlaðist fullt sjálftæði og viðheldi því síðan sem frjálst og fullvalda ríki, jaft öðrum í samfélagi þjóðanna. Pað ógn-

arástand sem myndaðist í kalda striðinu leyfði hins vegar ekki að Ísland væri án nokkurs viðbúnaðar og stæði utan varnarbandalaga. Samvinna við vestraen lýðræðisríki var eina leiðin til að tryggja öruggi landsins og sjálfstæði. Þannig varð grunnur utanríkisstefnu Íslendinga þegar á fyrstu árum lýðveldisins frelsi og sjálftæði þjóðarinnar í braðralagi lýðræðisríki.

Bjarni Benediktsson var þó alltaf beirrar skoðunar að erlendir her skyldi ekki vera lengur í landinu en þörf krefði og helst vildi hann að Íslendingar tækju sjálfrir eins mikinn þátt í vörnum landsins og mögulegt væri. Segja má að á undanförnum árum hafi skapast betri skilyrði til þess en áður voru fyrir hendi.

Pað hljóða að teljast mikil tíðindi, að nánast í einni hendingu hafi myndast jafn-rík samstaða og raun ber vitni um að við Íslendingar öxlum fyllri ábyrgð á fyrirkomulagi varnarmála og kostnaði við að tryggja varnir og öruggi landsins. Sama gildir um þá forsendu þeirra breytinga, sem átt hafa sér stað í málaflokknum, að sanngjarn og rétt sé að Ísland kosti meiru til sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins en gilt hefur fram til þessa. Ekkert af ofangreindu hefði móglæg getað gerst án pess að aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu ætti sér viðtækan stuðning í samfélagini.

Ný varnarmálaþjóð fyllir um stjórnsvýslu varnarmála og samstarf og samskipti íslenskra stjórnvalda við erlend ríki, hermála-yrifvöld og alþjóðastofnanir á svíði öruggis-og varnarmála. Löginn, breytingar á varnarsamningnum og samstarf við grannriki og bandamenn í Atlantshafsbandalaginu taka mið af nýjum aðstæðum sem upp hafa komið og sverja sig í átt við þá stefnu, sem Bjarni Benediktsson markaði á sínum tíma, að við mótu varnars- og utanríkisstefnu landsins sé horft fram á veg, aðstæður í heimsmálum hafðar í huga og kappkostad að nað góðri samstöðu meirihluta landsmanna. Í grein Bjarna „Varnarmál Íslands“, sem hann skrifði árið 1956, komu þessi sjónarmið skýrt fram:

„Svo sem menn greinir á um flest annað er eðfilegt, að þeir deili um þörfina á að verja Ísland og hvernig vörnumnum skuli fyrir komið. Ágreiningur um þessi efni er eimitt líklegri en um ýmis önnur, svo snögg og mikil breyting sem orðið hefur á stöðu Íslands, þýðingu þess í hernaði og styrjaldar-aðferðum yf-leit.“

Pegar þetta er haft í huga, má segja, að merkilegri sé sá yfirgræfandi einhugur, sem fram að þessu hefur lýst sér með þjóðinni í varnarmálum hennar, heldur en hitt, þótt sumir hafi þar skorizt úr leik.“

Bjarni Benediktsson

ARFLEIÐ BJARNA BENEDIKTSSONAR

Eg man enn glöggj óhugnaðinn sem sló því í sjónvarpinu að Bjarni Benediktsson, kona hans og dóttursonur hefðu farist í eldsvoða á Pingvöllum. Bæði var að Bjarni hafði verið forsætisráðherra frá því ég mundi fyrst eftir mér og tengdist í mínum huga virðulegri hlýju og staðfestu, en sviplegt fráfall hans staðfesti einnig í barnshuganum hverfilleika lífsins og hvernig allt getur breyst í einni hendingu vegna tilviljana eða slysalega atvika.

Ég hafði alltaf heyrt Bjarna lýst sem miklum leiðtoga sem fólk væri ljúft að fylgja að málum enda var föðurfjölskylda míin eindregin í stuðningi sinum við Sjálfstæðisflokkinn. Bjarni hafði fyrst orðið ráðherra árið 1947 í priggja flokk ríkisstjórn Sjálfstæðisflokkks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks undir forystu þess síðastnefnda. Bjarni var því orðinn gamalreyndur stjórnálamaður þegar hann tók við sem formaður Sjálfstæðisflokkssins 1961 og síðar sem forsætisráðherra í nóvember 1963 af Ólafi Thors.

Sumarið 1963 höfðu Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn ákvæðið að loknum kosningum að halda áfram ríkisstjórnarsamstarfi þrátt fyrir nauman þingmeirihluta. Það var í rauð söguleg niðurstöða því áratugina á undan höfðu ríkisstjórnir jafnan verið skammliðar þar sem erfitt reyndist að viðhalda sátt innan stjórnarflokka. Ástæðan var ekki sít sú að árið 1939 hafði svokölluð Pjóðstjórn, sem var samsteyptjórn Framsóknarflokksins, Sjálfstæðisflokkssins og Alþýðuflokksins, tekið upp nýtt stjórnkerfi efnahagsmála sem m.a. annars átti að tryggja atvinnu í landinu og sôlu íslenskra sjávarfurða erlendis. Stjórnkerfið hélt í meginatriðum fram að níunda áratug síðustu aldar. Það fólst í að tekin var upp verðtrygging launa þannig að verðbætur voru greiddar á laun með reglugerum millibili sem miðouðu við hækku verðlags a tilteknu timabili. Það fyrirkomulag kallaði aftur á móti á virkt verðlagseftirlit með það fyrir augum að halda aftur af verðhækku. Tekjur bænda voru einnig tryggðar með því að tengja verð landbúnaðarfurða við almennar launabreytingar og styrkjakerfi landbúnaðarins festi sig í sessi. Það var tekin upp fjölgengisstefna sem fól í sér að mismundandi gengi var notað samtimis í utanríkisviðskiptum og það var í hondum ríkisstjórnar að ákveða verðmæti þess. Einig var afhlautur sjómanna tekinn upp. Sjómenn fengu hlutdeild í verðmæti aflans en fiskverð var hins vegar ákveðið af fulltrúum ríkisins

og hagsmunaaðilum. Breytingar á gildi einstaka þáttu í heildarútkomunni réðust því að miklu leytu af pólitískri ákvárdanatöku þar sem þetta stjórnkerfi efnahagsmála tengdi saman a miðlægan hátt launaprórun, verðlagsprórun og fiskverð við ákvárdanir um gengi íslensku krónunnar.

Petta fyrirkomulag gafst að sumu leytu vel því það gaf stjórnvöldum teki til að bregðast við efnahagsvanda af völdum viðvarandi verðbólgu og viðkvæmrar stöðu útflutningsgreina, a.m.k. til skemmmri tíma litið. Þau gátu með lagasetningu t.d. frestað tímabundið greiðslu verðbóta á laun, fryst hækku vörugerðs, aukið niðurgreiðslur á landbúnaðararafurðum eða jafnvæl bannað verkföll og frestað kjarasamningum um tiltekin tíma eða lækkað gengi krónunnar. Petta voru hins vegar oft umdeildað aðgerðir sem kölluðu á pólitísk átök. Af þessum sökum reyndist nærrí undantekningalaust afar torvelt að viðhalda traustum þingmeirihluta nema um tiltölulega skamma hríð. Undantekningin var Viðreisnarstjórnin svokallaða sem mynduð var 1959 með samstarfi Sjálfstæðisflokkssins og Alþýðuflokksins en hún naut lengst af forystu Bjarna Benediktssonar.

Viðreisnarstjórnin skar sig verulega frá fyrri ríkisstjórnum vegna þess að hún sat samfellt í því kjörtímabil og það brátt fyrir nauman þingmeirihluta ólikt ríkisstjórnunum sem setið höfði frá 1939. Hún kom þó til leiðar talsverðum umbótum á hinu umfangsmikla ríkisafskiptakerfi sem sifellt hafði vaxið frá fjórða áratugnum. Í upphafi afnam hún fjölgengisstefna og breytti millifærslukerfinu. Að auki endurskipulagði hún fyrirkomulag utanríkisverslunarinnar þannig að innflutningur var ekki lengur bundinn gjaldeyris- og innflutningsleyfum nema sá sem fluttur var inn frá jafnkeypislöndum í Austur Evrópu. Í upphafi var nokkur móttöða við breytingarnar en þó var það svo að samstaða hélt ávallt innan ríkisstjórnarflokka um nauðsyn umbóta og áframhaldandi stjórnarsamstarf.

Pegar Bjarni Benediktsson tók við sem forsætisráðherra í upphafi annars kjörtímabilis Viðreisnarstjórnarinnar blöstu enn við mörk óleyst verkefni. Eitt þeirra var að tryggja fylgi við aðgerðir ríkisstjórnarinnar meðal verkalýshreyfingarinnar. Bjarni braut að mórgu leytu blaði í þeim efnun með því að vinna traust forystumannar hennar og fá þá til liðs við ríkisstjórnina. Petta var gert bæði með því að efla verkalýðsarm Sjálfstæðisflokkssins en ekki síður með nánara samráði

við forystu verkalýshreyfingarinnar. Kjarasamningar sem gerðir voru 1964 þóttu marka tímamót að þessu leytu því í þeim var reynt að hemja verðbólguhvjetjandi launahækkanir með því að semja um hóflegar kauphækkanir gegn loforðum ríkisstjórnarinnar um ómsar félagslegar úrbaetur. Bar þar hæst sú ákvörðun að byggðar skyldu 1000 íbúðir fyrir látekjufólk í Breiðholti sem því yrðu seldar með hagstæðum lánum. Árið 1966 var Hagrad stofnað sem var ætlað að vera formlegur samráðsvettvangur ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins. Markmiðið var að slíkur vettvangur myndi lágmarka pólitísk átök um launa- og gengisákvárdanir sem þess í stað væru teknar á grundvelli breiðrar samstöðu og hagrannsókna. Pessi nálgun átti ekki hvad sít þátt í að viðhalda pólitískum stöðugleika sem hélt allt til 1971 þrátt fyrir að ríkisstjórnin sjálf hafði afar nauman meirihluta á þingi.

Bjarni lést 1970 og í kosningunum 1971 missti ríkisstjórnin meirihluttann. Vinstristjórn var mynduð sem lét lönd og leiðir hugmyndir um að mikilvægt væri að hemja kauphækkanir. Verðbólga jókst vitanlega verulega með tilheyrand kostnaði fyrir almenning og fyrirtæki sem kallaði aðgerðir ríkisstjórnarinnar. En líkt og reyndin hafði verið áður en Viðreisnarstjórnin tók við var grunnt á samstöðu ríkisstjórnarflokka og til stjórnarslita kom. Fram til 1995 sat raunar engin ríkisstjórn lengur en í eitt kjörtímabil þrátt fyrir að hafa oftast góðan þingmeirihluta. Segir það sína sögu um forystuhæfileika Bjarna enda var Viðreisnarstjórnin í hugum margra á þessum árum fyrir mynd stjórnálalegs stöðugleika sem aldrei náiðist aftur að viðhalda fyrir en í formannstíð Davíðs Oddssonar.

Vatnaskil höfðu reyndar orðið í íslensku efnahagslífi með viðtækum breytingum í frjálsræðisátt á níunda og tíunda áratug síðustu aldar sem áttu eftir að leggja grunn að þeim stjórnálalega stöðugleika sem Íslendingar hafa nú búið við síðustu árin. Einig verður að halda til haga jákvæðum áhrifum Pjóðarsáttarsamningsins 1990 og sambærilegum kjarasamningum sem gerðir voru síðar, sem byggður á sömu hugsun um samráð ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins til að hemja verðbólgu og Bjarni og samstarfsmenn hans höfðu reynt með nokkrum árangri þau ár sem hann var forsætisráðherra. En einig kom annað til sem var það að forysta Sjálfstæðisflokkssins hafði styrkt til muna eftir mörög ár valdabaráttu sem hafði veikt flokk-

inn sem leiðandi afl í íslenskum stjórnálum allt frá láti Bjarna. Ómsar væringar á milli manna og átök um hugmyndafræðilegar áherslu höfðu dregið úr eindraegin í röðum Sjálfstæðisflokkssins. Minningin um styrka forystu bæði Ólafs Thors og Bjarna lifði þó góðu lífi og varð viðmið í hugum margra sjálfstæðismanna sem stefna yrði að.

Ahrifa Bjarna á íslenskt stjórnálalif eftir hans dag gætti þó ekki sít í þeiri stefnu sem hann átti þátt í að marka að Ísland skipaði sér í hóp með vestrænum lýðræðisrikjum. Deilur um utanríkismál voru fyrirferðarmiklar á tímum kalda stríðsins og þær raddir háværar að Ísland ætti að standa eitt og óstutt utan bandalaga. Þó voru fleiri á þeiri skoðun að lítið ríki eins og Ísland yrði að tryggja hagsmuni sína með samstarfi við aðrar lýðræðisþjóðir. Undir forystu Bjarna sem utanríkisráðherra gerðist Ísland stofnaði að Atlantshafssbandalaginu 1949 og undirritaði varnarsamning við Bandaríkin 1951. Afstaðan til aðildarinnar og veru varnarliðs á Íslandi átti síðar eftir að vega þungar þegar kom að myndun ríkisstjórnar og viðhorfi kjósenda til stjórnálalegos. Það var m.a. þess valdandi að Framsóknarflokkrinn sleit stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn 1956 og að Sjálfstæðisflokkurinn sat aldrei óskiptur í ríkisstjórn með Alþýðubandalaginu sem bardist gegn aðil að Atlantshafssbandalaginu og veru varnarliðsins. Eindregin stuðningur Sjálfstæðisflokkssins við vestræna samvinnu allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar veitti honum ótvírett sérstöðu í hugum kjósenda og átti því þátt í að tryggja stöðu hans sem leiðandi að íslenskum stjórnálum.

Það hefur stundum verið sagt að það hafi verið láni Sjálfstæðisflokkssins í samanburði við aðra stjórnálalegos. Það eiga góða forystumenn sem með framsýni simu hafa skilað Íslendi áfram á framfarabraut. Þar er hlutur Bjarna óunndeildur. Ekki hefur enn fennit í sporin sem hann markaði. Undir hans stjórn tókst að viðhalda stjórnálalegum stöðugleika þrátt fyrir ómsar efnahagslegar ágjafir sem öðrum ríkisstjórnum fram til 1995 reyndist erfitt að stýra í gegnum. Naumur þingmeirihluti stóð honum og samstarfsmönnum ekki fyrir þrifum því honum var svarað með samráði við mikilvæga hagsmunaaðil. Petta ásamt staðfestu hans í utanríkismálum er sú stjórnálalega arfleifð sem Bjarni Benediktsson létt eftir sig.

Stefania Óskarsdóttir



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon
U Thant, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, kom í heimsókn til Íslands í júlí 1966. Hér ræða þeir saman Thant, Bjarni og Emil Jónsson.



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon
Forsætisráðherrar koma víða við og leggja m.a. hornsteina að byggingum á borð við virkjanir.



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon
Sigurjón Ólafsson myndhöggyvari vinnur að brjóstmynd af Bjarna Benediktssyni árið 1979.

HLÝR OG EINLÆGUR VINUR

Eg kynntist Bjarni Benediktssyni litilegum sem ung stúlka þegar leiðir hans og föður míns, Valtýs Stefánssonar lágu oft saman. Helstu kynni míns af Bjarni upplifði ég því í gegnum um djúpa vináttu milli föður míns og hans. Reglulega kom Bjarni á heimili okkar þegar hann og faðir minn unnu sameiginlega að ýmsum málum og við greinaskriftir.

Ég vissi líka að Valtýr var það mikil happ að við vin sinn Bjarni Benediktsson til liðs við sig þegar heilsan bilaði. Í framhaldi að því settist Bjarni í stjórn Árvakurs fyrir hönd Valtýs og varð aðalritstjóri Morgunblaðsins á árunum

1956-1959. Síðan var hann í stjórn Árvakurs til dauðadags árið 1970.

Á þeim árum sem Bjarni Benediktsson starfaði við Morgunblaðið og reyndar líka síðar að hafði hann oft orð á því hve góð ár og skemmtileg hafi hefði átt þar. Enda naut hann mikils trausta amarra starfsmanna. Það við bættist að hann var kunnugur flestum þeim málum sem voru á döfinni hverju sinni hérlandis og erlendis. Segja má að hann hafi haft einstakan hæfileika til að velja bestu leiðina til úrbóta ef á þurfti að halda.

Bjarni Benediktsson var bæði djúpvitur og


jákvæður og átti mikinn þátt í því að hvetja íslensku þjóðina til þess að eignast það ordspor sem þarf til þess að fá sæti á hinum stóra alþjóðlega vettvangi.

Bjarni Benediktsson og Valtýr Stefánsson voru miklir samherjar í störfum sinum á svíði blaðamennsku. Bjarni segir á einum stað í í tilefni afmælisgreinar um Morgunblaðið að það, sem greini Valtýr frá örðum blaðamönnum íslenskum, séu forystuhæfileikar hans sem lýsa sér í því, hversu vel honum hefur tekist að fá aðra til samvinnu við sig. Ég er þess fullviss að um Bjarni maetti segja hið sama. Hon-

um var það alltaf fyrst og fremst í sinni að gjörðir hans stæðu stöðugan vörð um heill Íslands.

Ég átti því láni að fagna að kynnst þeim hjónum, Bjarna og Sigríði, æ betur eftir því sem árin liðu. Við þetta tækifaeri er mér ljúft að minnast kvöldstundar á heimili þeirra hjóna. Við slikt kynni varð mér enn betur ljóst að Bjarni var ekki aðeins stórbrotinn og mikilhaefur stjórnálamaður, heldur einnig hlýr og einlægur vinur.

Hulda Valtýsdóttir



Bjarni Benediktsson tekur á móti Eisenhower hershöfðingja, yfirmanni Evrópustjórnar NATO, 25. janúar 1941.



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon
Bjarni og Sigríður mæta á kjörstáð ásamt Önnu dóttur sinni.



Bjarni á sjó sumarið 1970, skömmu fyrir slysið á Þingvöllum.

Morgunblaðið



„Í fyrirsvari i þjólfifi voru“...
Sorgardó första Íslands, herra Kristján Eldjárn
váð andlæt dr. Bjarni Benediktsson, formáðurherra, Skýrslur
þjólfifilfum og Þingvöllks Vilmundarherra, döttrumur þess.

Morgunblaðið 11. júlí 1970.



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon
Frá útför forsætisráðherrahjónanna og dóttursonar þeirra í Dómkirkjunni.

SÖGULEG MÁLAMIÐLUN

Bjarni Benediktsson þótti harður í horn að takla. Harkan lá í tiðaranum. Pólitiskir andstæðingar Bjarna úr hópi vinstrimanna guldu stundum fyrir tryggnings hans, eins og sagnfræðingar hafa dregið fram í dagsljósið nū í seinni tið. Lengi framan af atti hann einnig á brattann að sækja hvað almennar vinsældir varðar en á því varð þó mikil breyting á seinasta hluta stjórmálaferils hans.

Pegar heimsstyrjöldinni lauk og Bandaríkjaher var að mestu farin héðan beitti Bjarni sér mjög fyrir því sem utanríkisáðherra að herinn kæmi aftur. Sú ákvörðun klauf þjóðina í tvær andstæðar fylkingar sem lengi tókust á að mikilli hefti. Það var sannfæring Bjarna og skoðanabréðra hans að þörf væri á her til að verja sjálftæði þjóðarinnar gegn árasarhættu úr austri. Við sem skipuðum okkur í sveit peirra sem höfnumuðu bandarískri hersetu litum hins vegar á erlendan her sem ógn við nýfengið sjálftæði þjóðarinnar. Með tilkomu vetrissprengja og eldflauga virtist fátt um varnir, ef til striðs kæmi, og herstöðin helst til bess fallin að kalla kjarnorkuárás yfir helsta þéttbýlissvæði landsins.

Ég kynntist ekki Bjarna persónulega fyrr en ég var kjórim á þing í kosningunum 1963. Um haustið þegar þing kom saman voru pólitiski veður býsna välynd. Verðbólgja fór vaxandi en launakjör höfðu rýrað mjög og verkföll voru yfirvofandi. Veturinn áður hafði verkalýðshreyfingin fallist á þá beiðni ríkisstjórnarinnar að fresta aðgerðum til stuðnings kaupkröfum fram á haust. Sá umþóttunartími var nú liðinn og hafði engum árangri skilað. Því var allt komið í hnút.

Í októberlok lagði ríkisstjórnin fram frumvarp á Alþingi sem bannði verkföll og vinnustöðvanir það sem eftir lífð árs svo og hvers kyns launahækkanir, jafnvel þær sem samkomulag hafði náðst um. Verklýðshreyfingin brást við af ýtrrustu hörku og boðaði allsherjarverkfall. Höfst nú kapphlauð um það hvor yrði á undan: ríkisstjórnin að frá frumvarpið samþykkt eða verklýðshreyfingin að koma á allsherjarverkfalli. Stjórnarandstaða Framsóknar og Alþýðubandalags studdi málstað verklýðshreyfingar og dró umræður á langinn eins og unnt var. „Talaðu í two tíma“, var sú dagskipun sem ég fékk. Prentarar voru þá þegar kommir í verkfall og dagblöð komu ekki út. ASÍ hélt fjölmennan útfund. Það var hiti í

mönnum og loft lævi blandið.

Áð viku liðinni var frumvarpið komið til 3. umræðu í síðari deild og allsherjarverkfall um það bil að skella á. En á síðstu stundu náðist samkomulag um að fresta hvoru tveggja í einn mánuð, bæði boðuðum verkföllum og afgreiðslu frumvarpsins. Fáum dögum síðar sagði forsætisráðherran, Ólafur Thors, að svegna heilsurests. Hann var þá kominn yfir sjótagt, hafði setið á þingi í 37 ár og verið forsætisráðherra í fimm ríkisstjórnunum. Bjarni Benediktsson tók við.

Samkomulagið sem gert var 9. nóvember 1963 var söguleg málamiðlun sem markaði þáttaskil í skiptum Bjarna við verkalýðshreyfinguna og vinstriöflin í landinu. Afstaða hans til pólitískra andstæðinga mildaðist og hann varð sáttfusari en áður. Því til stuðnings má margt nefna. En ég let nægja að rifja hér upp kosningar í nefndir og ráð á Alþingi. Eftir kosningarnar 1963 hafði Alþýðubandalagið nið pingmenn en Framsókn nitján. Framsóknarmenn ákváðu þá að nýta sér þingstyrk sinn til að fá two fulltrúa í fimm manna pingnefndir en Alþýðubandalagið fékk engan. Pessi staða hafði aldrei áður komið upp í skiptum fjórflokkanna á Alþingi og jafnvel

stjórnarliðar fundu hve óhentugt það var fyrir þingstörfin að briðji stærsti þingflokkurinn ætti ekki fulltrúa í öllum þingnefndum. En þannig var það veturinn 1963-4. Um haustið tók Bjarni af skarið. Pegar kosið var næst í nefndir á Alþingi fékk Alþýðubandalagið tju atkvæði í stað níu við kosningar í fimm manna nefndir og fékk þannig fulltrúa í öllum nefndum. Fullyrt var að Bjarni Benediktsson hefði sjálfur greitt lista Alþýðubandalagsins atkvæði með samþykki sine þingflokkss. Póttu það mikil og óvænt tiðindi. Fljótegla á eftir var svo þingsköpum breytt og fimm manna nefndir urðu sjó manna þaðan í frá.

Bjarni var eindreginn andstæðingur þess að Íslendingar sækta um aðlöd að ESB sem þá het Efnalagsbandalag Evrópu og hafnaði þeirri skerðingu á fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar sem í því fælist. Benedikt faðir hans skipaði sér í sveit með eindregnustu sjálfstæðissínum á sínum tíma og ég er ekki í vafa um að einbeitt afstaða Bjarna gegn afsal fullveldisréttar í hendur ESB hafði lengi móntandi áhrif á þá stefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur síðan fylgt í þessu máli.

Ragnar Arnalds

HÉR ÞUUMST VIÐ

Eg var nýordinn tvitugur þegar ég hitti Bjarna í boði heima hjá mér. Æthi pabbi hafi ekki verið formaður stórkauptmann, þegar hann leiddi þá saman Bjarna Benediktsson og Hannibal Valdimarsson í kvöldboð vestur í Sörlaskjóli. Og konurnar með, „Petta er hann Ellert,“ sagði hann við Sigríði konu sína og ég var nokkuð upp með mér, að þessi mæti maður kynni deili að mér.

Skömmu síðar var ég þingfréttarari fyrir Vísí og bauðst sem slíkum að sitja þingflokkusundi hjá Sjálfstæðisflokknum. Flokkurinn átti blaðið og þar með mig. Í framhaldinu var mér boðið í þingveislu hjá flokknum, þar sem ég reyndi að þéra ráðherra og fyrirmenn, þangað til Bjarni vék sér að mér og sagði: „Ellert minn, hér þúumst við.“

Við, ungu mennirnir í flokknum, bárum virðingu fyrir formanninum. Sennilega óttablandna en um leið eðilega. Bjarni Benediktsson var nefnilega óskeikull í okkar augum. Allt sem hann sagði hafði merkingu og innök, allt sem frá honum kom var meitlað og óhreikanlegt. Ég man hvað ég dáðist að því í þinginu að Bjarni gat flutt langar ræður blaðalaust, án þess að fastast flugið, án þess að einu orði væri ofaukið, þar sem rökin og þunginn voru svo afdráttarlaus, að þar var engu hagaða þegar hann hafði talað. Með þessum sérkennilega róm, tungutaki og áherslum í máli og tjáningu. Pó vorum við í SUS að stríða honum og

floknum. Heimtuðum breyttar reglur í prófjkjörum og meira lýðræði í starfinu og ég held hann hafi haft límskt gaman af þessari uppi-vöðslu en miinti jafnframt að kapp er best með forsjá. Bjarni var almennt talinn ihaldssamur í sinni pólitík, en framsýni hans og hyggjuvit voru hans aðalsmerki í þessu sem öðru. Viðreisn, umburðarlyndi gagnvart æskumönnum og sýn hans á nútíð og framtíð í alþjóðasamskiptum tala þar sínu máli.

Bókin sem Almennum bókafélagið gaf út og Hörður Einarsson sá um, Land og lýðveldi með greinum og ræðum Bjarna Benediktssonar var mér lengi heiðig ritning.

Eftir að ég gerðist formaður Sambands ungra sjálfstæðimanna hitti ég Bjarna oftar en áður. Meðal annars kallaði hann mig eitt sinn upp í ráðuneyti til sín, bauð mér upp á Sinalco og vildi fá mig í framboð til borgarstjórnar. Petta var árið 1969. Kannski var það þúfan sem velti hlássinu og gaf mér kjark til að fara í prófjkosningar um listann til Alþingis ári sína.

Miðvikudaginn 1. júlí 1970 er hringt í míg úr forsetisráðuneytinu. Bjarni er á línum. Erindið er að spryja hvort við hjónin viljum koma með honum og Sigríði á várðskipinu ÁEgi, sigla með þeim til Síglufjarðar en þar áttum við að vera ræðumenn á heráðsmóti Sjálfstæðisflokkssins á laugardagskvöldi. Þó stuttur væri fyrirvarinn þáð ég boðið. Það er ekki á hverjum degi sem manni býðst einkasigling með sjálfum forseti-

ráðherranum. Reyndar stóð ekki vel á. Landsleikur gegn Dönum stóð fyrir dyrum briðjudaginn 7. júlí og fyrirliðinn purfti auðvitað að æfa fyrir leikinn með liðinu. Albert Guðmundsson var þá formaður KSÍ og gaf leyfi sitt til að ég syndgaði upp á náðina, „enda skilar þú þér strax á sunnudeginum“.

Pessi ferð með Guðmundi Kjærnested í brúnini varð eftirminnileg. Ægir dölaði með okkur vestur fyrir land, við fórum í land í Dritvík og Rekavík og bokan var svo mikil að þeir að skipinu burftu að þeyta líðurinn, til að gumiðtuðan undir okkar rataði til baka. Við göntuðumst með að ekki væri það gott til afspurnar ef forsetisráðherran týndi skipinu og og þyrfti að taka land á Grænlandi! Í aðeinsogu Guðmundar Kjærnested er sagt frá þessari för og þessu avintýri í þokunni. Guðmundur hefur það eftir Bjarna „að þa sé gott að vera í góðra manna höndum“.

Við komum líka við í Grímsey áður en haldið var inn til Síglufjarðar í fóru og stilltu veðri.

Ræðurnar heldum við eins og lög gerðu ráð fyrir og fleiri skemmtikraftar tróðu upp og við tókum eftir því hjónin, að Bjarni var ekki skemmti þegar eftirherman (hvort það var Ómar Ragnarsson) létt það undir höfuð leggiast að herma eftir honum. „Eru þið búnir að banna skemmtikröftunum að gera gys að mér?“ spurði Bjarni Þorvald Garðar, sem stjórnadi fagnanum.

Pegar dró að miðnætti kvaddi ég þau Bjarna og Sigríði og hann tók að mér loforð um að verða honum samferða á heráðsmóti á Snæfellsnesi helgina á eftir. Ægir skutlaði mér náður á Dalvík og þaðan lá leiðin á Akureyri og í Saltvikna fyrir sunnan þar sem landsliðshópurinn og Albert endurheimtuð fyrirliðann.

Segir svo ekki að því að við náðum jafntefli gegn Dönum þriðjudagskvöldi 7. júlí, sem þótt nokkuð sæt hefnd eftir 14 - 2 hrakfarirnar tveimur árum áður.

Á miðvikudeginum skein sól á himni og ég fór í langan hádegismat hjá mömmu. Pegar ég kom á skrifstofuna seint og um síðir var ég upplýstur um að forsetisráðherra hefði ítrekað reynt að nái til min. Pegar ég hringdi til baka var ráðherran farinn af skrifstofunni. GSM-símar voru þó óþekkt fyrirbaeri.

Þá um nótina gerðist slysið. Albert Guðmundsson hringdi árla morguns og kynnti mér harmafregnina. Sjaldan ef nokkurn tíma hef ég tekið jafn næri mér andlát óskylds einstaklings.

Pessi athurðarás mun aldrei líða mér úr minni, vegna þess að í mínum augum var Bjarni Benediktsson stjórmálskörungur, fræðimáður og larifaður af guðs náð. Það voru einstök forréttindi að þekkja hann og sitja við fótskör hans.

Ellert B. Schram